

Groupe Roullier
57, boulevard Jules Verger
35800 Dinard
FRANCE

Reykjavík, 30. október 2009
Tilvísun: 2009070001
Bréfalykill: 50.4.3
Verknúmer: 1073000

Efni: Viðauki við leyfi til leitar og rannsóknar á kalkpörungaseti á hafsbotni í innanverðu Ísafjarðardjúpi - profudælingar

Orkustofnun vísar til leyfis til leitar og rannsóknar á kalkpörungaseti á hafsbotni í innanverðu Ísafjarðardjúpi sem Groupe Roullier var veitt, í samræmi við 2. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 4. ágúst sl. og gildir til 15. ágúst 2011.

Orkustofnun hefur nú borist erindi Groupe Roullier, dags. 1. október sl., ásamt viðbótarupplýsingum með tölvupósti, dags. 13. október sl., þar sem óskað er eftir heimild til profudælinga til viðbótar við framangreint leyfi fyrirtækisins

Orkustofnun hefur í kjölfar framangreindra erinda Groupe Roullier leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila, auk Siglingastofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunarinnar með umsagnarbeiðnum, dags. 14. október sl. Hefur Orkustofnun nú þegar borist umsagnir allra þriggja framangreindra stofnana

Með vísan til 3. gr. laga nr. 73/1990, veitir Orkustofnun leyfishafa, Groupe Roullier, hér með til viðbótar við heimildir í framangreindu leyfi heimild til profudælinga innan leitar svæðisins sem skilgreint er í 2. gr. leyfisins. Heildarmagn dælds efnis skal vera að hámarki 5000 rúmmetrar. Við profudælingar skal leitast við að raska sem minnstu flatarmáli hafsbotsins og skal fjölda dælingastaða haldið í lágmarki. Orkustofnun er heimilt að krefjast þess að profudælingar fari fram undir eftirliti Orkustofnunar eða annarra fyrir hönd stofnunarinnar. Öll ákvæði leyfisins haldast og falla niðurstöður profudælinga undir kröfur um skil á leitar- og rannsóknargögnum skv. 8. gr. leyfisins, en varðandi profudælingar skal gera grein fyrir tækjabúnaði og tilhögun þeirra, ásamt staðsetningu og magni hvers sýnis. Gefa skal nákvæmar upplýsingar um hvernig efnið dælist, magn fínefna sem fellur um borð, og niðurstöður greininga á efninu og gæðum þess, s.s. kalkpörungamagn og kornastærðir.

Efni sem dælt er upp í samræmi við viðbótarákvæði þetta getur komið til frádráttar frá magni sem leyft yrði í framtíðarnýtingarleyfi, komi til útgáfu slíks leyfis, til handhafa framangreinds rannsóknarleyfis.

Tilkynning um fyrirhugaðar profudælingar

Leiðangur til profudælinga skal tilkynna til Orkustofnunar og Landhelgisgæslunnar eigi síðar en tveimur vikum áður en hann hefst, en Orkustofnun er heimilt að veita undanþágu frá þessum fresti. Í viðhengi er að finna upplýsingar á íslensku og ensku um hvernig hægt er að hafa samband við þessar stofnanir.

Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Að leiðangurinn sé til að sinna profudælingum samkvæmt leyfi.
2. Upplýsingar um leyfishafann, verktaka við leitina, mælingaskipið og hvernig unnt sé að hafa samband við þessa aðila.
3. Stutt lýsing á tilgangi leiðangursins.
4. Hornhnit leitarsvæðisins.

Tilkynning að leiðangur til profudælinga sé að heffast

Í tilkynningu til Orkustofnunar og Landhelgisgæslunnar skal eftirfarandi koma fram

1. Að leiðangurinn sé til að sinna profudælingum samkvæmt leyfi.
2. Nafn leyfishafa.
3. Nafn verktaka.
4. Nafn skips og heimahöfn.
5. Einkennisstafir.
6. Radíókallmerki.
7. Inmarsat fjarskiptanúmer fyrir síma, símbréf og tölvupóst.
8. Tegund.
9. Dagsetning.
10. Tími.
11. Staðsetning.
12. Síðasta viðkomuhöfn áður en komið er inn á íslenskt hafsvæði (höfn og land).
13. Fyrsta viðkomuhöfn eftir að farið verður af íslensku hafsvæði (höfn og land).
14. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.
15. Upplýsingar um fyrirhugaðar komur á íslenskar hafnir (hafnir og áætlaða komutíma).
16. Nafn og heimilisfang umboðsmanns á Íslandi.

Ef leiðangurinn hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu skipi skal tilkynna hann þegar komið er inn á íslenskt hafsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangurinn þegar lagt er af stað úr íslenskri höfn.

Komur til íslenskra hafna skal tilkynna Landhelgisgæslunni og öðrum íslenskum yfirvöldum með a.m.k. 24 klst. fyrirvara, helst með atbeina umboðsmanns leyfishafa.

Virðingarfyllst


Þórarinn Sveinn Arnarson


Lárus Ólafsson

Afrit sent til:
Landhelgisgæslan

Fylgiskjöl:
Upplýsingar á íslensku og ensku um samskiptaleiðir við Orkustofnun og Landhelgisgæsluna

UPPLÝSINGAR
um samskiptaleiðir við Orkustofnun og Landhelgisgæsluna

Orkustofnun

Tengiliðir: Þórarinn Sv. Arnarson, Lárus Ólafsson

Póstfang: Grensásvegi 9,108 Reykjavík

Sími: +354 569 6000

Bréfasími: +354 568 8896

Netfang: os@os.is (almennt)

thorarinn.s.arnarson@os.is

larus.olafsson@os.is

Veffang: <http://www.os.is>

Landhelgisgæslan

Póstfang: Skógarhlíð 14, IS-105 Reykjavík, Iceland

Sími: +354 545 2000 (skiptiborð, opið á skrifstofutíma)

+354 545 2100 (Vaktstöð siglinga, opin allan sólarhringinn)

+354 511 3333 (neyðarútkall, opið allan sólarhringinn)

Bréfasími: +354 545 2001

Netfang: sar@lhg.is

Inmarsat: 581425101519

Loftskeyti: Strandstöðvar

Óskað er eftir því að upplýsingar til Landhelgisgæslunnar séu sendar á stafrænu formi, t.d. gegnum Inmarsat eða með tölvupósti, verði því við komið, en ekki með símbrefi eða telex-skeyti.

CONTACT INFORMATION**National Energy Authority (Orkustofnun, NEA)**

Contacts: Thorarinn Arnarson, Lárus Ólafsson

Mail address: Grensásvegi 9, IS-108 Reykjavík, Iceland

Tel.: +354 569 6000

Fax: +354 568 8896

E-mail: os@os.is (general contact),

thorarinn.s.arnarson@os.is,

larus.olafsson@os.is

Web site: <http://www.nea.is>

Icelandic Coast Guard

Mail address: Skógarhlíð 14, IS-105 Reykjavík, Iceland

Tel.: +354 545 2000 (switchboard, open during office hours)

+354 545 2100 (control centre, open 24 hrs a day)

+354 511 3333 (emergency, open 24 hrs a day)

Fax: +354 545 2001

E-mail: sar@lhg.is

Inmarsat C: 581425101519

Radio: Coastal radio stations

The Icelandic Coast Guard prefers to receive information in digital form, e.g. through Inmarsat C or e-mail, if this is possible, not by telefax.